

MINNIS- BLAÐ

BÓKABÍLLINN

Sími bókabílsins er 13285
Kl. 9—12 f. h.

Viðkomustaðir:

Mánudagar: Árbæjarkjör,
Árbæjarhverfi kl. 1.30—2.30.
(Börn), Austurvei, Háaleitis
braut 68 kl. 3.00—4.00. Mið-
bær, Háaleitisbraut 58—60.
Kl. 7.15—9.00.

Þriðjudagar: Blesugróf kl.
2.30—3.15. Árbæjarkjör. Árbæjar-
hverfi kl. 4.15—6.15.
Selás, Árbæjarhverfi kl. 7.00
—8.30.

Miðvikudagar: Álfamýrar
skóli Kl. 2.00—3.30. Verzlun
in Herjólfur kl. 4.15—5.15.
Kron við Stakkahlíð kl. 5.45
—7.00. Miðvikudagskvöld.
Breiðholtskjör. Kl. 20.00—
21.00. Aukatími aðeins fyrir
fullorðna.

Fimmtudagar: Laugalækur
við Hrisateig kl. 3.45—4.45.
Laugarás, Kleppsvegur kl.
7.15—8.30. Kl. 5.30—6.30 Dal
braut.

Föstudagar: Breiðholtskjör,
Breiðholtshverfi kl. 2.00—
3.30. (Börn). — Skíldinganes
búð n, Skerjafirði kl. 4.30—
5.15. Hjarðarhagi 47, kl. 5.30
—7.00.



VELJUM ÍSLENZKT-
ÍSLENZKAN IDNAÐ



SKIP

MS. „LANGÁ“
er í Gdynia.

MS. „LAXÁ“

för frá Hamborg í gær til
Hull.

MS. „SELÁ“

er í Rönne. Fer þaðan til
Korsör og Kaupmannahafn-
ar.

MS. „RANGÁ“

lestar á Austfjarðahöfnum.

MS. „MARCO“

för frá Norðfirði 20. þ. m. til
Angholmen, Norrköping, Aa-
hus og Korsör.

ÝMISLEGT

TRÚLOFUN

□ Nýlega hafa opinberað
trúlofun sína ungfrú Hrönn
[Jóhannsdóttir hjúkrunarnemi,
Réttarholtsvegi 35 og Gunnar
Jóhannsson stud. jur. Álfheim-
um 72. —

KVENFÉLAG

HÁTEIGSSÓKNAR.

Heldur basar, *mánudaginn
3. nóvember, í Alþýðuhúsinu
við Hverfisgötu. Félagskonur
og aðrir velunnarar, sem vilja
styrkja basarinn, eru vinsam-
lega minntir á hann. Nánari
upplýsingar í sínum 82959 og
17365. —



Mér skildist á þeim sem komu
fram í brennidepli sjónvarps
ins að eina ráðið til bjargar
landinu væri að stofna þjóð-
frelshreyfingu eins og þeir
í Vietnam.

Iceland Review helgað 25 ára lýðveldis- afmæli

□ Út er komið annað tölublað tímaritsins Atlantica and Iceland Review, og er það sérstaklega helgað 25 ára lýðveldisafmæli Íslands. Er rakin þróun utanríkismála landsins á þessu tímabili, þróun iðnaðar og verzlunar og sagt frá helztu atburðum í menningarlífi þjóðarinnar.

Benedikt Gröndal skrifar grein, sem hann nefnir „Main Points in Foreign Policy“, Jónas Kristjánsson, ritstjóri ritar



Farfuglar — Ferðafólk!

Hin árlega haustferð í Þórs-
mörk verður um næstu helg
27.—28. sept.

Þórsmörk er fegur í sum-
arþúningi, en langt um feg-
urri er hún þó í haustlitun-
um.

Uppl. í síma 24950.


„The National Economy“ og sagt er frá framkvæmdunum við Búrfell í grein, sem nefndar „Taming the Mighty Rivers“. Sigurður A. Magnússon skrifar um listir, og nefnist greinin „Aspirations and Endeavours in Cultural Life“. — Ræðir hann þar um bókmenntir, leiklist, málalist, höggmyndalist og tónlist á tímabilinu frá 1944—'69. — Þá má nefna grein eftir Kurt Zier um Ásgerði Búadóttur, og nefnist greinin „Modern Icelandic Tapestry, the Works of Ásgerður Búadóttir“ og grein um Norræna húsið, en þessar greinar eru sérstaklega athyglisverðar fyrir mjög fallegar ljósmyndir.

Blaðið er að vanda mjög glæsilegt að útliti og prýtt fjölda fallegra mynda, bæði í lit og svart/hvítu. — Blaðið er prentað í Hollandi, en sett hjá Lithoprent í Reykjavík. —



Bergþórugötu 3.
Símar 19032 og 20070.

VIPPU - BÍLSKÚRSHURÐIN



Lagerstærðir miðað við múrop:

Hæð: 210 sm x breidd: 240 sm
- 210 - x - 270 sm

Aðrar stærðir smíðaðar eftir beiðni.

GLUGGASMIÐJAN

Síðumála 12 - Sími 38220

FASTEIGNAVAL



BARNASAGAN

AFMÆLISGJÖFIN

— Sjáumst á morgun! kallaði Karen á móti.

Á morgun ætla ég að fara í léreftskjólinn minn og æfa mig með nýja sippubandið mitt, hugsaði hún á-nægð, og þegar hún lagðist á koddann sinn, eftir að vera búin að kyssa foreldra sína góða nótt, var hún orðin svo þreytt og syfjuð, að hún rétt náði að hvísla:

— Þakka þér fyrir, að þú heyrðir í mér.

Svo var hún sofnuð.

ENDIR.

Anna órabelgur



— Og þér þjáist af timburmönnum, ekki satt?

NÝ BARNASAGA HEFST Á MORGUN